Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Ársskýrsla 2017

1. Hlutverk og skipulag

FB er opinber framhaldsskóli, starfræktur samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla. Skólinn er í senn menntaskóli, listmenntaskóli og verkmenntaskóli og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af bóknámsbrautum, stúdentspróf af listnámsbrautum, stúdentspróf að loknu starfsnámi, próf í húsasmíði, rafiðngreinum og snyrtifræði og lokapróf af sjúkraliðabraut. Einnig býður skólinn fjögurra ára nám á starfsbraut og nám á framhaldsskólabraut til undirbúnings námi á námsbrautum skólans. Í FB er jöfnum höndum kennt í dagskóla og kvöldskóla, auk þess sem Sumarskóli FB er starfræktur í júnímánuði ár hvert. Rekstrarfé skólans ákvarðast af fjárheimildum Alþingis, en nám í sumarskólanum er greitt af nemendum.

2. Skólastarf, viðburðir og heimsóknir

Innleiðing nýrrar námskrár hefur gengið samkvæmt áætlun. Reglubundnar vörður í skólastarfinu héldu áfram óbreyttar, s.s. fræðsludagur að hausti, sæludagar að vori og skólafundur og forvarnadagur á hvorri önn. Frá hausti 2015 hefst kennsla kl. 8:30 á morgnana og hefur það mælst vel fyrir hjá nemendum, sem margir vilja byrja enn síðar á morgnana. Samstarf við markþjálfa heldur áfram og hafa þeir m.a. unnið með fagfólki skólans við að þróa nýtt fyrirkomulag umsjónar handa fyrstaársnemum sem hófst haustið 2017. Haustið 2017 var tekið upp samstarf við Tónskóla Sigursveins handan götunnar um kennslu í tónlist við mikla ánægju nemenda.

Unnið er að því að hlúa að náms- og starfsumhverfi í skólanum. Hringborðum var komið fyrir á opnum vinnusvæðum á göngum skólans, þægilegum stólum fjölgað og setkrókum þar sem nemendur geta látið fara vel um sig. Keypt voru tvö fótboltaspil, sem nemendur tóku opnum höndum – því miður reyndist hávaðinn af spilagleðinni aðeins valda truflunum í kennslustundum.

Skólasamfélagið tekur sig saman um að halda upp á reglulega viðburði með því að klæðast á sérstakan hátt. T.d. mætti fólk í búningum á öskudag, í bleiku á bleika daginn 13. október, í hryllingsfötum á Hrekkjavöku og í jólapeysum í byrjun desember.

Nemendur gerðu sig gildandi á ýmsan hátt úti í samfélaginu. Þannig hélt nemandi á tölvubraut fyrirlestur á alþjóðlegri ráðstefnu um konur í upplýsingatækni í HR þann 15. febrúar. Þann 24. febrúar bauð Sinfóníuhljómsveit Íslands okkur á tónleika í Eldborg í Hörpu að hlýða á Rapsódíu um stef eftir Paganini. Í mars tóku nokkrir hópar frá FB þátt í forritunarkeppninni í HR. Íslandsmót iðn- og verkgreina var haldið í Laugardalshöll dagana 16.-18. mars. Nemendur kepptu fyrir okkar hönd í húsasmíði, snyrtifræði, rafvirkjun og sjúkraliðanámi. Nemendur í nýsköpun tóku þátt í verkefninu Junior Achievement og sýndu tvö lið vörur sínar á vörumessunni í Smáralind þann 1. apríl.

Hinar reglubundnu nemendasýningar á myndlistar- og textílbraut héldu áfram. Þannig var haldin tíksusýning útskriftarnema í Miðgarði skólans að kvöldi 26. apríl og flott útskriftarsýning myndlistarbrautar var opnuð í Læknaminjasafninu Seltjarnarnesi þann 6. maí. Á haustönn var sett upp skúlptuúrsýning nemenda í Gallerý Tukt dagana 4.-18. nóvember.

Skuggakosningar voru haldnar í skólanum í annað sinn þann 12. október (#Égkýs) og var þátttaka nokkuð góð, enda stutt síðan síðustu skuggakosningar voru haldnar. Nemendur tóku þátt í Boxinu, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna og hlaut lið skólans viðurkenningu í úrslitakeppninni fyrir besta burðarþolið í brú sem þau hönnuðu úr spaghetti.

Á degi eineltis, þann 8. nóvember, hélt Menntamálastofnun fund í skólanum og kom Kristján Júlíusson menntamálaráðherra af því tilefni. Þann 23. nóvember heimsótti Dagur B. Eggertsson borgarstjóri okkur og skoðaði aðstöðuna, m.a. Fab Lab Reykjavíkur sem er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Og 6. desember kom Jill Esposito, starfandi sendiherra Bandaríkjanna til að skoða skólann.

Nýskipaður mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, ákvað að sýna skólanum þann heiður að heimsækja hann fyrstan framhaldsskóla. Hún kom til okkar ásamt fylgdarliði úr ráðuneytinu þann 7. desember, viku eftir að hún tók við embætti.

Á hverju ári fara nemendur og kennara til útlanda til að taka þátt í verkefnum, sækja námskeið eða í starfsþjálfun tengda námi þeirra og störfum í FB.

Nemendum í list- og verknámi gefst kostur á að taka hluta af starfsnámi sínu erlendis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lengd dvalar getur verið 4-12 vikur eftir samkomulagi.

Árið 2017 fóru um 70 nemendur til útlanda á vegum skólans í ýmsum verkefnum bæði á vegum Nordplus Junior og Erasmus+ og Erasmus+ Youth. Af þeim fóru um 20 nemendur af list- og verknámsbrautum í starfsþjálfun til útlanda. Rafvirkjanemar og húsasmiðanemar fóru til Danmerkur og Eistlands, fata- og textílnemar til Portúgals og Belgíu, snyrtifræðinemar til Finnlands og sjúkraliðanemar til Spánar.

3. Starfsþróun

Árið 2017 var reynt að stuðla að jafnvægi í skólastarfinu og gefa starfsmönnum kost á að fóta sig betur í því landslagi sem ný námskrá skapar. Teymisfundir kennara á vorönn voru skipulagðir þannig að áhersla var lögð á persónulega hæfni, frekar en faglegar áherslur í skólastarfi. Kennarar gátu ráðið hvort þeir tóku þátt eða ekki. Margir skráðu sig, aðrir ákváðu að sitja hjá að þessu sinni. Þann 3. mars 2017 var í annað sinn haldin kennsluráðstefna í samvinnu við Fjölbrautaskólann við Ármúla, í þetta sinn í húsnæði FB. Lykilfyrirlestrar voru annars vegar um sjálfbærni (framlag FÁ) og hins vegar um kennsluhætti og faglegt skólastarf í anda Paul Bambrick Santoyo (framlag FB), en tveir kennarar skólans höfðu fengið styrk til að sækja námskeið hjá honum í Bandaríkjunum. Einnig var á ráðstefnunni fjöldi áhugaverðra málstofa sem skipulagðar voru af kennurum beggja skóla. Í mars sóttu þrír úr skólanum ráðstefnu um leiðsagnarmat í London og voru þær hugmyndir kynntar á kennarafundi í framhaldinu. Á starfsdegi í maí var erlendur fyrirlesari, Mike Bell, sem hélt dags námskeið fyrir kennara um kennslu byggða á sannreyndum aðferðum (Evidence Based Teaching). Veturinn 2017-18 var dregið úr fundahaldi af hálfu stjórnenda til að gefa kennurum færi á að sinna faglegu samstarfi á eigin forsendum.

4. Nemendur

Nemendur skólans eru á bilinu 1100-1200 í dagskóla og um 300 í kvöldskóla. Taflan sýnir hvernig nemendur raðast niður á námssvið síðustu tvö árin:

Fjöldi nemenda dagskóla eftir námssviðum og brautum						
Tegund náms	**2016V**	**2016H**	**2016**	**2017V**	**2017H**	**2017**
Undirbúnings/stuðningsnám			**9%**		**9,2%**	**10%**
Framhaldsskólabraut	44	68		60	81	
Starfsbraut	38	44		42	43	
Nám til stúdentsprófs			**43%**			**43%**
Félagsfræðabraut	170	196		171	168	
Málabraut	33	35		30	27	
Náttúrufræðibraut	78	93		81	81	
Íþróttabraut	75	86		76	74	
Tölvubraut	52	81		67	90	
Ótilgreint nám/opin braut	36	47		52	84	
Iðn- og verknám			**30%**			**31%**
Húsasmiðabraut	72	82		83	80	
Rafiðnir	78	96		87	96	
Sjúkraliðanám	82	66		69	67	
Snyrtibraut	83	103		93	111	
Nám að loknu starfsnámi	10	17		21	12	
Listnám			**17%**			**17%**
Fata- og textílbraut	32	46		42	40	
Myndlistarbraut	152	162		136	151	
Nýsköpunarbraut	0	3		3	14	
Samtals	**1035**	**1225**	**100%**	**1113**	**1219**	**100%**
Nemendur í leyfi	22	13		17	19	
Virkir dagskólanemendur	**1013**	**1212**		**1096**	**1200**	
Nemendur í kvöldskóla	254	329		344	305	
Samtals í skólanum	**1267**	**1541**		**1440**	**1505**	

Á árinu 2017 útskrifuðust 268 nemendur frá skólanum. Heildarfjöldi útskrifta hefur minnkað um 14% á tímabilinu. Útskriftir skiptust þannig á milli brauta árin 2014-2017:

Tegund prófs	V14	H14	V15	H15	V16	H16	V17	H17
Stúdentspróf af félagsfræðabraut	25	30	25	23	14	23	15	22
Stúdentspróf af íþróttabraut	14	10	10	5	7	7	8	7
Stúdentspróf af málabraut	3	5	5	2	4	5	6	3
Stúdentspróf af náttúrufræðibraut	19	6	16	9	9	6	7	9
Stúdentspróf af upplýsinga- og tæknibraut/tölvubr.					1	1	1	5
Stúdentspróf af opinni braut								1
Stúdentspróf af viðskipta- og hagfræðibraut		1						
Stúdentspróf af handmenntabraut/ fata- og textílbr.	7	7	6	4	4	2	6	
Stúdentspróf af myndlistarbraut	16	11	11	12	15	10	18	1
Handíðabraut 1 ár					2	0	3	0
Sjúkraliðar	22	17	23	18	35	19	21	16
Burtfararpróf af snyrtibraut	11	10	11	9	7	5	8	4
Burtfararpróf af húsasmiðabraut	16	12	14	18	15	8	11	15
Burtfararpróf af rafvirkjabraut	19	14	16	21	11	22	13	24
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	12	20	31	26	18	23	22	14
Starfsbraut	6	0	6	0	7	0	8	0
Samtals lokapróf	**170**	**143**	**174**	**147**	**149**	**131**	**147**	**121**

Ljóst má vera að mun fleiri útskrifast af verknámsbrautum en af bók-, eða listnámsbrautum. Munar þar miklu um stóra hópa fólks sem sækir verknám í kvöldskóla FB meðfram dagvinnustarfi sínu. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu útskrifta eftir sviðum. Bent skal á að stúdentspróf að loknu starfsnámi er flokkað með verknámi:

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms 2014-17								
	Fjöldi				Hlutfall útskrifaðra			
Bóknám, listnám, verknám	**2014**	**2015**	**2016**	**2017**	**2014**	**2015**	**2016**	**2017**
Bóknámsstúdentspróf	113	95	77	84	36,1%	29,6%	27,5%	31,3%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	41	33	33	28	13,1%	10,3%	11,8%	10,4%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	153	187	163	148	48,9%	58,3%	58,2%	55,2%
Starfsbraut (í sérdeild)	6	6	7	8	1,9%	1,9%	2,5%	3,0%
Samtals	313	321	280	268	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

5. Fjármál og rekstur

Rekstrarreikningur skólans í Orra, bókhaldskerfi ríkisins, sýnir að skólinn hefur verið rekinn innan ramma fjárheimilda á árabilinu 2015-17. Árið 2017 hækka dagvinnulaun um 3% og yfirvinnulaun um tæp 20% frá fyrra ári. Erlent samstarf jókst mikið milli ára, en aðrir rekstrarliðir eru svipaðir milli ára:

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: rekstur 2015-2017			
Heiti	**2015**	**2016**	**2017**
Dagvinna	708.025.493	777.596.027	802.392.851
Vaktaálag	627.472	1.554.851	1.051.695
Aukagreiðslur	32.664.854	28.794.477	32.494.778
Yfirvinna	220.206.599	224.173.322	268.901.585
Launatengd gjöld	229.522.536	241.676.562	256.345.110
Launagjöld	**1.191.046.954**	**1.273.795.239**	**1.361.186.019**
Fundir, námskeið og risna	3.581.385	4.565.537	3.812.494
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	517.730	623.256	895.641
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	10.515.834	9.560.191	16.984.081
Akstur	2.855.395	2.656.830	2.739.706
Ferðir og fundir	**17.470.344**	**17.405.814**	**24.431.922**
Tímarit, blöð og bækur	1.354.943	1.369.357	1.124.086
Skrifstofuvörur og áhöld	9.503.650	8.526.729	8.434.373
Aðrar vörur	22.697.369	22.814.207	23.238.365
Kennsluefni og vörur	**33.555.962**	**32.710.293**	**32.796.824**
Önnur sérfræðiþjónusta	18.621.426	22.412.217	25.338.660
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	4.443.896	4.231.780	4.581.150
Prentun,póstur, augl., flutningar	6.541.300	3.814.666	7.134.787
Sími og ýmis leigugjöld	11.342.533	10.935.335	11.935.053
Þjónusta	**40.949.155**	**41.393.998**	**48.989.650**
Verkkaup og byggingavörur	4.938.895	5.896.350	4.876.949
Rafmagn og heitt vatn	18.490.499	17.928.974	18.649.015
Húsaleiga og aðk. ræsting	129.810.346	118.653.637	123.295.496
Fasteignagjöld og tryggingar	0	38.118	0
Brennsluefni og olíur	302.226	365.368	175.300
Verkstæði og varahlutir	267.498	143.964	0
Húsnæði og verkkaup	**153.809.464**	**143.026.411**	**146.996.760**
Vextir, bætur, skattar	2.071.839	3.982.465	616.160
Eignakaup	26.390.647	35.767.319	17.507.333
Tilfærslur	15.200	283.000	404.152
Eignakaup	**28.477.686**	**40.032.784**	**18.527.645**
Gjöld	**1.465.309.565**	**1.548.364.539**	**1.632.928.820**
Sértekjur	-138.763.290	-157.590.961	-160.093.639
Aðrar rekstrartekjur	-20.015.000	-17.939.500	-15.553.561
Framlag ríkissjóðs	-1.329.503.147	-1.389.209.163	-1.457.370.963
Tekjur / framlag	**-1.488.281.437**	**-1.564.739.624**	**-1.633.018.163**
Afgangur (-) / halli	**-22.971.872**	**-16.375.085**	**-89.343**

6. Horft fram á veginn

Skólahald í landinu þarf að takast á við áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar sem mun gerbreyta kröfum til skólafólks. Við þurfum í sameiningu að móta skóla sem mætir námsþörfum ungs fólks, gefur þeim færi á að eflast í samskipta- og samvinnufærni og ræktar með þeim aðlögunarhæfni, sjálfstæði og sköpunargleði.

Til að það takist þurfa kennarar og annað fagfólk að uppfæra kennsluhætti, námsmat og almennt starf í þágu nemenda. Við þurfum jafnframt að halda áfram að efla gæðastarf og reyna að gera árangursmælingar og gæðaeftirlit að virku hjálpartæki við umbætur í skólastarfinu.

Nemendur, fjölskyldur og aðrir hagaðilar verða ávallt að geta treyst því að nám í FB veiti góðan undirbúning undir líf og starf í nútímasamfélagi.

Reykjavík, 5. mars 2018,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari

Nýnemar á snyrtibraut haustið 2017